

## Ársyfirlit Litla hóps 2012

**Almennt:** Litli hópur er formlegur samráðs-og og samstarfsvettvangur starfsmanna og stofnana sem koma að ýmsum málefnum sem tengjast unglíngum í sveitarfélaginu. Hlutverk Litla hóps er að fylgjast almennt með vandamálum tengdum unglíngum í Hafnarfirði, safna upplýsingum, þróa úrræði, veita stuðning og samræma aðgerðir. Ekki er unnið beint með málefni einstaklinga.

Í Litla hóp starfa nú eftirfarandi fulltrúar:

<i>Helgi Gunnarsson lögreglunni</i>	<i>Haukur Haraldsson félagsþjónustu</i>
<i>Kolbrún Ögmundsdóttir félagsþjónustu</i>	<i>Úlfar H. Eliasson Iðnskólanum</i>
<i>Helga/Sunna Flensborgarskóla</i>	<i>Kolbrún Björnsdóttir fh. námsráðgjafa</i>
<i>Kristján Óskarsson ÍTH</i>	<i>Geir Bjarnason forvarnafulltrúi</i>
<i>Eiríkur Þorvarðarson skólaskrifstofu</i>	<i>Skólahjúkrunarfræðingur frá heilsugæslunni</i>

Fundað er mánaðarlega á veturna og voru haldnir um 8 fundir árið 2012.

### Helstu verkefni 2012

- Landslagið að breytast. **Hvorki hópamyndanir** né mikil **vímuefnaneysla meðal unglínga**. Afbrotatíðni í Hafnarfirði minnkar mikið. Samt fækkar ekki né léttast barnaverndarmálin.
- Málefni **einstaklinga sem koma oft við sögu lögreglu** fara nú til félagsþjónustu í annan samráðsvettvang svokallaðan Topp 10 fund.
- Almenn **upplýsingagjöf** um málefni barna og unglínga er stöðugt í gangi.
- Samstarf við **Götuvíta – útideild og leitarstarf** sem miðlar upplýsingum beint til okkar. Götuvíti fór um 18 ferðir á árinu og var lítið að gera. Upp komu þó 2 fjölmenn tilfelli hópasafnanna ungmenna við Hvaleyrarvatn um vorið.
- **Foreldrarölt**, fimm skólar virkir á vorönn en allir sjö á haustönn.
- Upp kom í vor mál sem tengdist **8. bekkjar drengjum** í Setbergs – og Lækjarskólahverfum þar sem kannabis kom við sögu og áhyggjur. Fundað og mál fór í farveg.
- Gott samstarf er á milli **Verslunarmiðstöðin Fjörður** og okkar. Lítið er um hópasafnanir og vandamál tengd unglíngum þar.
- UÁB – **Miðbæjarhópur** lauk starfsemi um vorið.
- Vísbendingar komu frá Öldutúnsskóla varðandi áhyggjur af **félagslegri stöðu innflytjenda**. Staðið var fyrir fundum um málið, stofnun nefndar og unnið að lausnum varðandi einstaklingsmál.
- Allir leggja á það áherslu að **jaðarhópastarf** í félagsmiðstöðvum sem þarf að vera á hverjum stað. Starfið er rekið í samvinnu við skólann og reynt að hafa starfið fyrirbyggjandi.
- Á vegum **skólanna og félagsmiðstöðva fara fram fjölmörg forvarnaverkefni** og er rætt um kosti og galla þeirra á fundum hópsins. Afrakstur þessa starfs er sýnilegur og mælanlegur.

- **Marjúana- og munntóbaksneysla** veldur áhyggjum en staðan gagnvart áfengi og tóbaki er betri.
- Hin nýendurskipulagða Framhaldsskólabraut, sem Litli hópur hafði áhyggjur af í vor, skilar nú sínu vel í nýju húsnæði og eru 23 nemendur virkir enn af 24 sem byrjuðu í haust.
- Almenn umræða um **mætingar nemenda** í grunnskola og þarf að skoða það mál betur í heild sinni.
- Mætingar og félagslegt umhverfi nemenda sem eru ekki félagslega sterkir í framhaldsskólum er iðulega umræðuefni í hópnum og viljum við leita leiða til að hægt sé að ná utan um þann hóp.
- Umræða var talsverð um **eineltismál**, sem eru jafnvel þyngri en áður og unnið að miðlægum verkferlum hjá skólaskrifstofu.
- **Brottfallsnemendur** í framhaldsskólum– Haldnir tvennir fundur með tenglum og unnið að skýri viðbrögðum okkar s.s. varðandi upplýsingagjöf um framboð bæjarins á þjónustu fyrir þennan hóp.
- **Flensborg** er heilsueflandi framhaldsskóli og virðist ýmislegt benda til þess að það verkefni auk annarra verkefna skólans s.s. foreldrafélag hafi afar jákvæð áhrif á skólabrag og félagslega stöðu nemenda.
- Afrakstur áherslna nýrra stjórnenda **Iðnskólans** sjást betur og betur varðandi forvarnaáherslur í skóla og félagstarfinu.
- **Fjölgreinadeild** – samstarf gott, og veturinn í vetur fer afar vel af stað. Unnið áfram með skólaskrifstofu að því að tryggja að tengsl séu í lagi milli aðila sem tengjast nemendum.

### **Horft til framtíðar**

Áhersla verður áfram á fyrirbyggjandi samstarf og upplýsingagjöf sem tryggir samhæfingu þeirra sem koma að Litla hópi vegna þeirra viðfangsefna sem upp munu koma. Áhersla er að aukast varðandi 16 – 18 ára aldurshópin. Stuðla þarf að því að til verði Hafnarfjarðarleið sem allir starfa eftir varðandi forvarnir gegn einelti.

**Niðurstaða:** Hlutverk hópsins breytist í takt við breytt umhverfi. Fulltrúar í honum vilja halda áfram með starfið en í gegnum það eru til tengslanet sem allir hafa hag af. Fátt neikvætt gerðist varðandi hópamyndun unglunga og má draga þá ályktun að meginþorri unglunga hafi það ágætt en huga ber sérstaklega áfram að áhættuhópnum og ungmennum 16-18 ára.